

Skoðunarhandbók

Svín - salmonella

Október 2013



Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Framkvæmd eftirlitsins.....	3
3. Kjötsafasýnin	4
3.1. Sýnataka úr vöðva	4
3.2. Merking vöðvasýna.....	4
3.3. Eyðublað með vöðvasýnum.....	5
3.4. Sending vöðvasýna	5
3.5. Hversu mörg sýni á að taka frá búunum?	5
4. Stroksýnin.....	8
4.1. Pöntun á strokpínum og æti	8
4.2. Fjöldi stroksýna.....	8
4.3. Hvernig á að taka stroksýnin?.....	8
4.4. Niðurstöður rannsókna úr stroksýnum	9
4.5. Útfylling eyðublaðs og sending stroksýna	10
5. Saurýnin	11
5.1. Sýnatökuglös	11
5.2. Saurýnatökur	11
5.3. Hvernig á að taka saurýnin?.....	11
5.4. Merking sýna	12
6. Skilyrðin í svínasláturhúsunum	13
7. Niðurstöður úr eftirliti og viðbrögð	14
7.1. Niðurstöður úr eftirliti.....	14
7.2. Röðun svínabúa í flokka samkvæmt kjötsafaprófi	14
7.3. Framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 1	15
7.4. Framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 2.....	15
7.5. Skilyrði, framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 3.....	16
7.6. Framkvæmdir, viðbrögð og heimild hjá aðilum/búum með 200/ári til slátrunar	16
7.7. Aukaafurðir til dýrafóðurs	16
8. Ítarefni	17
8.1. Forsaga	17
8.1.1. Eldra eftirlit – vöndulsýni	17
8.1.2. Forsaga kjötsafaprófsins.....	17
8.2. Tilgangur og markmið eftirlitsins ásamt lagastoð þess	18
8.2.1. Tilgangur eftirlitsins.....	18
8.2.2. Markmið eftirlitsins	18
8.2.3. Laga- og reglugerðastoð eftirlitsins	18
8.3. Mælingar mótefna gegn salmonellu í kjötsafa – kjötsafaprófið	19
8.3.1. Faglegar forsendur prófsins	19
8.3.2. Kjötsafaprófið á Íslandi er nú framkvæmt með Salmotype® Pig Screen ELISA19	19
8.4. Útreikningur á kjötsafastuðli.....	20
9. Ábyrgð og hlutverk.....	21
9.1. Héraðs- og eftirlitsdýralæknar	21
9.2. Dýralæknir svínasjúkdóma og sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits.....	21
9.3. Kostnaður og greiðslur.....	21
10. Yfirlitstafla yfir flokka og viðbrögð.....	22
11. Viðauki I.....	23

1. Inngangur

Handbók þessi, sem er ætluð héraðs- og eftirlitsdýralæknum, fjallar um áætlun um varnir og viðbrögð við salmonellu í svínunum. Áætluninni má líkja að hluta til við sem á ensku er kallað “*National Control Plan*” fyrir viðkomandi sjúkdóm eða verkefni en í þeim er gert ráð fyrir eftirliti og viðbrögðum. Eftirliti með salmonellu í svínunum er lýst í bókinni m.a. framkvæmd þess og viðbrögðum.

Vert er að hafa í huga, að áætlunin gerir ekki ráð fyrir upprætingu salmonellusmits á svínabúunum ef þau smitast, heldur að smítalagi sé haldið í lágmarki eins og kostur er undir mælanlegum mörkum. Sömuleiðis gerir áætlunin ráð fyrir því, að styrkur mótefna gegn salmonellu sé mældur á hverju svínabúi, að fylgst sé með sermisgerðum salmonellu og lyfjanæmi þeirra og að komið sé eins og frekast er unnt í veg fyrir að mengaðir skrokkar fari á markað með röðun svínabúa í flokka, stroksýnum af skrokkum og sérstökum viðbrögðum ef *Salmonella* greinist í þeim.

Þessi handbók kemur í stað fyrri handbóka um eftirlit með salmonellu í svínunum og sérstakrar handbókar um framkvæmd eftirlitsins. Nokkrum nýjum atriðum hefur verið bætt við fyrri útgáfur m.a. um lagastoð eftirlitsins og nánari lýsingar á saursýnatökum auk þess sem vonast er eftir því að uppsetningin gefi skýrari mynd af framkvæmd eftirlitsins.

Leitast er við að hafa handbókina notendavæna. Í fyrstu köflunum er að finna lýsingu á framkvæmd eftirlitsins og viðbrögðum sem áætlunin gerir ráð fyrir. Að lokum er að finna ítarefni um eftirlitið sem fjallar m.a. um tilgang og markmið eftirlitsins, útreikninga kjötsafastuðulsins, ábyrgð og hlutverk og að lokum greiðslu kostnaðar.

Þessi útgáfa gildir frá og með 18. október 2013 og þar til næsta endurskoðun fer fram. Ekki er heimilt að víkja frá áætluninni við framkvæmd eftirlitsins né viðbrögðum sem hún gerir ráð fyrir, nema í samráði við sérgreinadýralækni svínasjúkdóma og forstöðumann matvælaöryggis og neytendamála hjá Matvælastofnun.

Nánari upplýsingar veita:

Sérgreinadýralæknir svínasjúkdóma vigdis.tryggvadottir@mast.is

Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits kjartan.hreinsson@mast.is



2. Framkvæmd eftirlitsins

Eftirlit með salmonellu í svínum er framkvæmt með:

- **Kjötsafasýnum** þar sem fylgst er með mótefnum í kjötsafa gegn salmonellu allt árið.

Mótefni myndast gegn salmonellu í svínum þegar þau verða fyrir smiti. Með því að mæla styrk mótefna í kjötsafa allt árið um kring má fylgjast með breytingum í magni þeirra og meta hvort smitálag salmonellu á svínabúunum sé ekkert, hverfandi, lítið eða mikið.

- **Stroksýnum af skrokkum** þar sem leitað er að salmonellu á yfirborði svínaskrokka við hverja slátrun.

Við flutning svína í sláturhús, við bið þeirra í sláturrétt eða við slátrunina, geta þau smitast og skrokkarnir mengast af salmonellu. Svín sem eru laus við smit geta mengast með þessum hætti. Svín sem bera í sér salmonellu geta mengað flutningstæki, sláturhús og aðra skrokka. Því er nauðsynlegt að fylgjast með yfirborðsmengun skrokka til þess að koma í veg fyrir eins og kostur er, að mengað svínakjöt fari á markað.

- **Saursýnum** til að greina hvaða sermisgerðir salmonellu eru að finna á viðkomandi búi.

Að öllu jöfnu eru ekki tekin saursýni. Ef miklar breytingar eiga sér stað t.d. í mótefnamælingu (titer) eða ef fjöldi búa falla í 2. og 3. flokk, gæti verið ástæða til frekari rannsókna á sermisgerðum sem eru til staðar á búunum. Þá getur verið mikilvægt er að fá vitneskju um sermisgerðirnar og lyfjanæmi þeirra, því sumar eru meinvirkari en aðrar. Vitneskja um sermisgerðirnar eru einnig mikilvægar þegar rekja þarf smitið og getur þá þurft að greina erfðaefni þeirra í því samhengi

Sérstökum skilyrðum sem eru forsendur fyrir árangri m.t.t. salmonellu í svínasláturhúsum

Til þess að ná árangri gegn salmonellu er mikilvægt, að tekið sé á öllum þáttum sem hafa áhrif á tíðni hennar, m.a. í sláturhúsum landsins. Sérstök skilyrði í sláturhúsum í þessu samhengi eru því nauðsynleg svo sem bestur árangur náist.

3. Kjötsafasýnin

3.1. Sýnataka úr vöðva

Taka skal u.þ.b. 10 g af vöðva og setja í sérstakt sýnatökuglas sem Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum útvegar. Takið hrein vöðvasýni án fitu eða annarra vefja.

Sýnatökuglösin eru pöntuð hjá Völu Friðriksdóttur, Keldum, í síma 585 5100 eða með tölvupósti: valaf@hi.is



Mynd 1: Sýnatökuglas fyrir vöðvasýni.


3.2. Merking vöðvasýna

Merkingu skal hvert sýnatökuglas með tilbúnum forprentuðum límmiðum á neðri hluta glasins (mjói hlutinn). Sjá mynd 1. Á límmiðana hefur verið prentað tveggja stafa framleiðandanúmer og skammstafað nafn svínabúsins.

Forprentaðir límmiðar vegna kjötsafaprófs eru pantaðir hjá mast@mast.is

Eingöngu þarf að skrá á miðana tveggja stafa vikunúmer sem er númer þeirrar viku þegar sýnataka fór fram og tveggja stafa númer fyrir árið, aftan við vikunúmerið. Sjá mynd 2.

Mynd 2: Merking sýna, merkimiðinn



Að lokinni sýnatöku og merkingu glasanna skal frysta sýnin. Nauðsynlegt er að frysta vöðvasýnin a.m.k. í 48 klst við -12°C eða kaldara.

ATH ! Gætið sérstaklega að því að sýnin þorni ekki fyrir frýstingu. Ef slíkt gerist er hættu á að enginn safi náist úr sýnunum. Frýstið því fersk sýnin eins fljótt og mögulegt er.

Ef sýnum er skilað samdægurs á rannsóknastofu, mega þau vera fersk, en gætið þess að rannsóknastofan frýsti sýnin strax við móttöku þeirra.

3.3. Eyðublað með vöðvasýnum

Fylla skal út sérstakt eyðublað sem fylgir sýnunum þegar þau eru send til Keldna. Sjá sýnishorn af eyðublaði á mynd 3.

Mynd 3: Sýnishorn af eyðublaði með vöðvasýnum

Eftirlit með Salmonella í grísum - VÖÐVASÝNI í kjötsafapróf

Fylgiseðill til Keldna

Nr. Svinabú	Fj. sýna
() 1 Heiðarbær	
() 2 Bjarnastaðir	
() 3 Ormsstaðir	
() 4 Þórustaðir	
() 5 Nýibær	
() 6 Egilsstaðir	
() 7 Sléttaból	
() 8 Kílhraun	
() 9 Smárahlið	
() 10 Miðfell	
() 11 Berghylur	
() 12 Hagi	
() 13 Laxárdalur	
() 14 Einholt	
() 15 Háholt	

Nr. Svinabú	Fj. sýna
() 22 Nýpugarðar	
() 23 Miðsker	
() 24 Teigael	
() 25 Pálmholt	
() 26 Húsabakki	
() 27 Arnarfell	
() 28 Teigur	
() 29 Hraukbær	
() 30 Skriðuland	
() 31 Hýrumelur	
() 32 Brúarland	
() 33 Stafholtsveggir	
() 34 Brautarholt	
() 35 Melar	
() 36 Minni - Vatnsleysa	

3.4. Sending vöðvasýna

Sýnapakkinn skal merktur með eftirfarandi hætti:

Tilraunastöð H.Í. í meinafræði að Keldum
v/Vesturlandsveg
112 Reykjavík
b.t. Sýkladeild
Kjötsafasýni

Senda skal sýnin fryst ef þeim er ekki skilað samdægurs. Athuga skal að senda ekki fryst sýni í lok vikunnar, þannig að þau nái inn á Keldur sem fyrst og fyrir helgi.

3.5. Hversu mörg sýni á að taka frá búunum?

Árlegur fjöldi kjötsafasýna (vöðvasýna) sem tekin eru frá svinabúunum fer eftir stærð þeirra. Miðað er við ákveðið tölfræðilegt öryggi og algengi sýkingarinnar þegar fjöldi sýna er ákveðinn en hann má sjá í töflu 1.

Hjá aðilum/búum sem slátra 200 svínum eða færri á ári, þarf ekki að taka kjötsafasýni. Sjá nánar í kafla 4.2.

Tafla 1: Fjöldi kjötsafasýna fer eftir stærð svinabúa

Skilgreining búa	Slátrun á ári – fjöldi grísa	Fjöldi sýna á ári
Lítill bú ¹	201 - 2000	60
Meðalstór bú ²	2001 - 5000	75
Stór bú ³	> 5001	100

¹⁾Tekin eru sýni úr 60 sláturgrísnum á ári frá búum sem slátra 200 til 2000 grísnum á ári. Með þessum fjölda sýna má fullyrða með 95% öryggi að a.m.k. eitt jákvætt sýni greinist í hópnum sé algengi sýkingarinnar í honum 5% eða hærra.

²⁾Tekin eru sýni úr 75 sláturgrísnum á ári frá búum sem slátra á bilinu 2001 til 5000 grísnum á ári. Með þessum fjölda sýna má fullyrða með 95% öryggi að a.m.k. eitt jákvætt sýni greinist í hópnum sé algengi sýkingarinnar í honum 4% eða hærra.

³⁾Tekin eru sýni úr 100 sláturgrísnum á ári frá búum sem slátra meira en 5001 grís á ári. Með þessum fjölda sýna má fullyrða með 95% öryggi að a.m.k. eitt jákvætt sýni greinist í hópnum sé algengi sýkingarinnar í honum 3% eða hærra.

Kjötsafasýnin eru tekin í hvert skipti sem grísnum er slátrað. Skrá skal niður fjölda grísa sem slátrað er í hvert sinn frá hverjum innleggjanda á sérstakt eyðublað. Sjá sýnishorn af eyðublaði í töflu 2.

Tafla 2: Sýnishorn af skráningareyðublaði fyrir fjölda grísa í slátrun

2009	Skráið fjöldi grísa sem slátrað er í hverri viku. Hvert númer stendur fyrir vikunúmer, frá su - lau.												Sam- tals	
Vikur Framl. nr.	40 27/9 - 3/10	41 4/10 - 10/10	42 11/10 - 17/10	43 18/10 - 24/10	44 25/10 - 31/11	45 1/11 - 7/11	46 8/11 - 14/11	47 15/11 - 21/11	48 22/11 - 28/11	49 29/11 - 5/12	50 6/12 - 12/12	51 13/12 - 19/12		52 20/12 - 26/12

Skráningin er nauðsynleg til þess að taka réttan fjölda sýna á hverju ári (tafla 1) og finna út bil á milli grísa frá hverjum innleggjanda í þeim tilgangi að kvarða tíðni sýnatökunnar. Þegar bilið hefur verið fundið út kemur í ljós hvort taka eigi sýni af t.d. tuttugasta hverjum eða fimmtánda hverjum svínaskrokki. Svo þetta sé framkvæmanlegt þarf í upphafi að liggja fyrir skráning á slátrun í 13 vikur og stöðugt eftir það. Með þessu móti er sýnatökum dreift jafnt yfir allt árið, bil er jafnt á milli grísa og skil-yrðum tölfræðinnar fullnægt. Afar mikilvægt er að halda bili á milli grísa stöðugu á milli slátranna.

Í sérstakri töflu kemur fram fjöldi sýna sem skal taka frá hverjum innleggjanda á hverju ári miðað við slátrun s.l. 13 vikur. Sjá töflu 3.

Tafla 3: Sýnishorn af töflu sem sýnir fjölda sýna eftir innleggi frá hverjum innleggjanda

Slátrun s.l. 13 vikur	Árs framleiðsla	Fj. sýna á ári	Hlutfall	Bil á milli grísa
50	200	60	30,00%	3,33
60	240	60	25,00%	4,00
70	280	60	21,43%	4,67
80	320	60	18,75%	5,33
90	360	60	16,67%	6,00
100	400	60	15,00%	6,67
110	440	60	13,64%	7,33

Lagðir hafa verið inn 50 grísir s.l. 13 vikur frá þessum innleggjanda.

Þá skulu tekin 60 sýni á ári frá honum.

Og bilið á milli skrokkanna er u.þ.b. 3 eða sýni tekin úr þriðja hverjum skrokki.

4. Stroksýnin

4.1. Pöntun á strokpinnum og æti

Stroksýni af svínaskrokkum eru rannsökuð í RapidChek Select Salmonella prófi á Keldum eða hjá Prómati, Akureyri. Pantið strokpinna og æti á Keldum, hjá Völu Friðriksdóttur, í síma 585 5100 eða með tölvupósti: valaf@hi.is, eða Prómati, Akureyri, hjá Kristbjörgu Góu Sigurðardóttur, í síma 464 3810 eða með tölvupósti: promat@simnet.is

4.2. Fjöldi stroksýna

Fyrir bú í flokki 1 gildir tafla 4:

Tafla 4: Fjöldi stroksýna af skrokkum reiknaður út frá fjölda grísa í slátrun.

Fjöldi skrokka eftir slátrun	Strokið af*	Fjöldi safnsýna	Athugasemd
40	10 skrokkum	1 (1 x 10)	Sýni tekið sem safnsýni
41 – 120	20 skrokkum	2 (2 x 10)	Sýni tekin sem safnsýni
> 120	30 skrokkum	3 (3 x 10)	Sýni tekin sem safnsýni

* Með þessum fjölda sýna má fullyrða með 95% öryggi að a.m.k. eitt jákvætt sýni greinist í hópnum sé algengi sýkingar í honum 10 – 15 % eða hærra.

Fyrir þá sem slátra 200 grísum eða færri á ári skal taka stroksýni samkvæmt töflu 5.

Tafla 5: Fjöldi stroksýna fyrir aðila/bú sem slátra 200/ári

Fj. svína í slátrun	Fj. skrokka sem strokið er af *	Fj. svína í slátrun	Fj. skrokka sem strokið er af *	Fj. svína í slátrun	Fj. skrokka sem strokið er af *
1 – 17	1 – 17	38 – 39	32 – 33	27	74 – 79
18	17	40 – 41	34 – 35	28	80 – 85
19	18	42 – 44	36 – 37	29	86 – 92
20	19	45 – 46	30	93 – 99	44
21	20	47 – 49	31	100 – 109	45
22 – 23	21	50 – 52	32	110 – 119	46
24	22	53 – 56	33	120 – 139	47
25	23	57 – 60	34	140 – 149	48
27	24	61 – 64	35	150 – 169	49
28 – 29	25	65 – 68	36	170 – 189	50
30 – 31	26	69 – 73	37	190 – 200	51

* Með þessum fjölda sýna má fullyrða með 95% öryggi að a.m.k. eitt jákvætt sýni greinist í hópnum sé algengi sýkingarinnar í honum 5% eða hærra.

10 skrokkar = 1 safnsýni. Dæmi: 33 skrokkar í slátrun = 2 x 10 + 1 x 7 = 3 safnsýni.

4.3. Hvernig á að taka stroksýnin?

Taka skal stroksýni af svínaskrokkum og setja sem fyrst í kæli.

Þegar stroksýni eru tekin skal strjúka af 3 svæðum á hvorum skrokkhelmingi með einum pinna. Samtals er þá strokið af 6 svæðum með einum pinna þegar báðir helmingar eru meðtaldir. Vætið pinnann í pepton vatni í upphafi áður en strokið er af skrokknum.

Sjá töflu 6 og mynd 4 af svæðum I – III. Stroksýni eru tekin af skrokkum frá búum í flokki 2 og 3 með sama hætti.

Tafla 6: Skilgreining svæða við stroksýnatökur af svinaskrokkum.

Svæði	Hvar	Fjöldi svæða	Stærð svæðis	Athugasemdir
Svæði I	Anus, grindarhol og innanvert læri	2, þ.e. á báðum skrokkhelmingum	Afmarkast af lýsingu "Hvar"	
Svæði II	Skurðarflötur kviðar- og brjóstholis og utanverð síða	2, þ.e. á báðum skrokkhelmingum	Um það bil 10 x 10 cm	Stærð svæðis á við síðu. Strjúkið þétt á svæðinu.
Svæði III	Neðst á innanverðu brjóstholi og hálsi	2, þ.e. á báðum skrokkhelmingum	Um það bil 10 x 10 cm	Stærð svæðis á við brjósthol og háls. Strjúkið þétt á svæðinu.

Ef tekin eru t.d. 10 stroksýni af 10 skrokkum, skal setja alla pinnana í sama glasið. Brjóta þarf af pinnunum þegar þeir eru settir í glasið. Gætið þess að það sé gert eins hreinlega og mögulegt er og að glösin séu stöðug þegar þetta er gert.

Mynd 4: Mynd af sýnatökusvæðum I – III.



4.4. Niðurstöður rannsókna úr stroksýnum

Stroksýni af skrokkum sem tekin eru á vegum Matvælastofnunar eru rannsökuð með RapidChek Select Salmonella prófi eins og áður segir. Niðurstaðan úr hraðprófinu er endanleg niðurstaða.

Ef stroksýni reynist jákvætt skal rækta úr sýninu í þeim tilgangi að greina sermisgerð salmonellunnar sem olli jákvæðu svari. Ef ekki tekst að rækta salmonellu úr stroksýninu breytir það ekki upphaflegu niðurstöðunni úr RapidChek Select Salmonella prófinu; sýnið telst áfram jákvætt.

4.5. Útfylling eyðublaðs og sending stroksýna

Sendið stroksýnin kæld, en ekki fryst, sem fyrst á rannsóknastofu eftir sýnatöku. Fylla skal út sérstakt eyðublað vegna stroksýnanna. Skal eyðublaðið fylgja sýnunum til viðkomandi rannsóknarstofu. Sjá sýnishorn af eyðublaði í töflu 7.

Tafla 7: Sýnishorn af eyðublaði fyrir stroksýnatökur.

Eftirlit með Salmonella í svínum - STROKSÝNI af skrokkum							
Til rannsóknarstofu							
	Nr.	Svínabú	Fj. Sýna		Nr.	Svínabú	Fj. sýna
()	2	Bjarnastaðir	___x___	()	31	Hýrumelur	___x___
()	3	Ormsstaðir	___x___	()	32	Brúarland	___x___
()	4	Þórustaðir	___x___	()	33	Stafholtsveggir	___x___
()	7	Sléttaból	___x___	()	34	Brautarholt	___x___

5. Saurýnin

5.1. Sýnatökuglös

Í dag eru saursýnin rannsökuð á Keldum, hjá Sýni Reykjavík, Matís Reykjavík eða hjá Prómati, Akureyri. Svínabændur ákveða hvar sýnin eru rannsökuð enda greiða þeir rannsóknakostnaðinn. Þetta kann að breytast þegar rannsóknastofur hafa verið tilnefndar af MAST til rannsókna á saursýnum. En þangað til skal panta sýnatökubúnað hjá viðkomandi rannsóknastofum.

5.2. Saurýnatökur

Matvælastofnun áskilur sér rétt til tilfallandi saursýnatöku á búum ef t.d. miklar hækkningar eru í mótefnamælingu (titer) eða ef fjöldi búa falla í 2. og 3. flokk. Þetta er gert í þeim tilgangi að greina sermisgerðir salmonellu sem hugsanlega hafa smitað búin og ef grunur er um nýsmít.

Alengt er að skipta búunum upp í smiteiningar og taka saursýnin úr þeim eða á þremur stöðum á búinu þ.e. úr gotdeildum, tilhleypingadeildum og eldisdeildum. Sýnataka á að gefa sem besta mynd (representative) af smiti úr þessum smiteiningum.

Tafla 8: Skilgreining á svínahópum.

Svín	Aldur	Athugasemd
Eldisgrísir	3 mánaða og eldri	Eru í eldisdeildum
Gyltur í tilhleypingadeild	1. gots og eldri	Taka sýni 7 dögum* eftir fráfarur
Gyltur í gotdeild	1. gots og eldri	Taka sýnin úr gyltum

* Sýni eru tekin úr gyltum 7 dögum eftir að spenagrísir voru færðir frá þeim.

Almennt má segja að fjöldi saursýna sem er tekin á búunum fari eftir stærð þeirra. Sjá töflu 9.

Tafla 9: Leiðbeinandi fjöldi saursýna á búum í flokki 1.

Fjöldi svína*	Fjöldi safnsýna**	Athugasemd
1 – 99	4	1 safnsýni = 5 x 5 grömm. Sjá 1.3.3.
100 – 199	8	
200 – 299	12	
300 – 399	16	
> 400	20	

* Gyltur, ásetningsgyltur, geltir, fráfaru- og eldisgrísir en ekki spenagrísir.

** Sýnataka sem gefa á góða mynd af búunum = Representative sampling

5.3. Hvernig á að taka saursýnin?

Um safnsýni er að ræða. Þess skal sérstaklega gætt að hvert safnsýni sé u.þ.b. 25 grömm, svo hægt sé að rækta úr öllu sýninu á rannsóknastofunni. Það eykur næmið.

Ef safnsýni er tekið úr eldisdeildum skal það tekið af stíugólfi, úr nýjum eða nýlegum saur. Eitt safnsýni er samsett af 5 sýnum úr tveimur samliggjandi stíum, ef snerting er á milli grísanna í stíunum tveimur (ein smiteining). Þá eru tekin 5 x 5 grömm úr stíunum, þrjú úr annarri stíunni en tvö úr hinn. Sýnin eru tekin með skeið eða fingrum og þau sett í sýnatökuglös eða poka. **Skiptið um skeiðar eða hanska á milli safnsýna.**

Ef safnsýni er tekið úr gotdeildum skal það tekið úr gotgyltum. Eitt safnsýni er 5 grömm tekið úr 5 gyltum (5 x 5 grömm) úr rectum eða af nýjum eða nýlegum saur úr 5 gyltum. Safnsýnið er sett í glös eða poka. **Skiptið um hanska eða skeiðar á milli safnsýna.**

Ef safnsýni er tekið úr tilhleypingagyltum skal það tekið með sama hætti og úr gotdeildum. Mestar líkur eru á að finna salmonellu í gyltum 7 dögum eftir að spenagrísir hafa verið færðir frá þeim. Sömuleiðis má oft greina salmonellu í ásetningsgyltum sem nýkomnar eru inn á búið að því gefnu að þær séu smitberar.

5.4. Merking sýna

Merkið umbúðir með nafni svínabús og hvar sýnin eru tekin á búinu. Sömuleiðis þarf að skila með sýnunum sérstöku útfylltu eyðublaði. Sjá sýnishorn af eyðublaði í töflu 10.

Tafla 10: Sýnishorn af eyðublaði með saursýnum.

Eyðublað með saursýnum – árleg skimun fyrir Salmonellu á svínabúum					2011
1 blað – 1 bú					Dags.
Svínabú	Fj. Sýna úr eldisdeild	Fj. Sýna úr tilhl. Deild	Fj. Sýna úr Gotdeild	Samtals	sýnatöku
() Sléttaból					/
() Bjarnastaðir					/
() Teigur					/
() Stafholtsveggir					/

6. Skilyrðin í svínasláturhúsum

Til þess að ná árangri gegn salmonellu er mjög mikilvægt að tekið sé á öllum þáttum sem hafa áhrif á tíðni hennar m.a. í sláturhúsum landsins. Eftirfarandi skilyrði og forsendur í sláturhúsum eru því nauðsynleg svo sem best gangi í þessu samhengi:

- Ákvæði reglugerðar um slátrun og meðferð sáturafurða nr. 461/2003 skulu virt.
- Innra eftirlit sláturhússins skal vera virkt (m.a. fyrirbyggjandi aðgerðir vegna krossmengunar við slátrun).
- Skrokkum skal haldið aðskildum í kælirymum sláturhússins eftir aðstæðum hverju sinni að mati eftirlitsdýralæknis.
- Þar sem hitabað er til staðar í sláturhúsum skal fylgja þeim ákvæðum sem koma fram í heimild 1.1. í töflu 13. Sérstaklega er vakin athygli á kröfu um eftirlit með hitabaði.

Tafla 11: Sýnishorn af töflu 13. Heimild 1.1.

Flokkur 1	Lýsing
Heimild 1.1	Sjá viðbrögð 1.1. Óski sláturleyfishafi eftir því, geta héraðs- eða eftirlitsdýralæknar heimilað að skrokkar fari í þar til gert hitabað. Þá skulu þó tekin stroksýni af skrokkum fyrir hitabaðið, líkt og áður, samkvæmt töflu 4. Ef þau reynast öll neikvæð m.t.t. salmonellu má slátra næst á hefðbundinn hátt (sjá framkvæmd 1.1.). Ef sýni reynist jákvætt mega skrokkar fara um hitabað við næstu slátrun sömuleiðis eða sbr. viðbrögð 1.1. Gera skal kröfu um eftirlit með hitabaði þ.e. sírita á hitastigi þess eða annað sambærilegt og mælingu á tíma skrokkanna í baðinu.

7. Niðurstöður úr eftirliti og viðbrögð

7.1. Niðurstöður úr eftirliti

Með niðurstöðum úr eftirliti er átt við niðurstöður úr kjötsafaprófinu og þar af leiðandi röðun svínabúa í flokka samkvæmt útreikningi á kjötsafastuðli, niðurstöðum úr stroksýnum af svínaskrokkum og niðurstöðum úr saursýnum frá svínabúunum.

Röðun svínabúa í flokka samkvæmt kjötsafaprófi berast héraðsdýralæknum u.þ.b. á 2ja vikna fresti frá sérgreinadýralækni svínasjúkdóma. Fjallað er um viðbrögð vegna röðunar í flokka í köflum 7.3., 7.4. og 7.5.

Niðurstöður úr rannsóknum á stroksýnum berast sérgreinadýralækni svínasjúkdóma, héraðs- og eftirlitsdýralæknum beint. Um viðbrögð við niðurstöðum úr stroksýnunum er fjallað í köflum 7.3., 7.4., 7.5. og 7.6.

Niðurstöður úr rannsóknum saursýna berast einnig sérgreinadýralækni svínasjúkdóma, héraðs- og eftirlitsdýralæknum beint.

7.2. Röðun svínabúa í flokka samkvæmt kjötsafaprófi

Í töflu 12 kemur fram samhengi á milli flokka og kjötsafastuðuls. Því fleiri kjötsafasýni sem eru jákvæð m.t.t. mótefna gegn salmonellu því hærri verður kjötsafastuðullinn.

Stuðullinn gefur til kynna smitálag salmonellunnar á viðkomandi svínabúi. Á búum í flokki 1 er lítið smitálag, meira á búum í flokki 2 en mest í flokki 3. Svo eftirlit sé virkt á hverjum tíma verða niðurstöður úr kjötsafaprófi að liggja fyrir á a.m.k. 2 – 4 vikna fresti.

Tafla 12: Flokkar og samhengi þeirra við kjötsafastuðul.

Flokkur	Íslenskur stuðull	Tímabil
Flokkur 1	1 – 39	s.l. 13 vikur
Flokkur 2	40 – 69	s.l. 13 vikur
Flokkur 3	70 – 100	s.l. 13 vikur

Matvælastofnun áskilur sér rétt til þess að breyta forsendum fyrir röðun svínabúanna í flokka. Ef breytingar eiga sér stað á forsendum útreikninga, á gildi stuðla eða öðru sem þessu tengist, mun það gefið út í uppfærðri útgáfu af handbókinni.

7.3. Framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 1

Tafla 13: Framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 1.

Flokkur 1	Lýsing
Framkvæmd 1.1	Tekin eru stroksýni af a.m.k. 10 sláturgrásaskrokkum frá hverju búi í hverri slátrun en fjöldi sýna fer eftir fjölda sláturgrísa. Sjá nánar um fjölda stroksýna og forsendur sýnatökunnar í töflu 4.
Framkvæmd 1.2	Líffæri og hausar eru hæf til manneldis.
Viðbrögð 1.1	Ef jákvætt/jákvæð sýni greinast í hraðprófi eru sýni tekin líkt og vanalega í næstu slátrun en þeir skrokkar geymdir þar til niðurstöður liggja fyrir. Líffæri og hausar eru hæf til manneldis eftir hitameðhöndlun.
Viðbrögð 1.2	Ef öll sýni reynast þá neikvæð úr hraðprófi, eru aftur tekin sýni á hefðbundinn hátt við næstu slátrun frá búinu sbr. framkvæmd 1.1.
Viðbrögð 1.3	Ef stroksýni er jákvætt eru viðkomandi skrokkar stimplaðir með heilbrigðisstimpli og auðkenndur til hitameðhöndlunar.
Viðbrögð 1.4	Ef stroksýni reynist jákvætt skal það sett í ræktun og sermisgreiningu (1 sýni).
Heimild 1.1	Sjá viðbrögð 1.1. Óski sláturleyfishafi eftir því, geta héraðs- eða eftirlitsdýralæknar heimilað að skrokkar fari í þar til gert hitabað. Þá skulu þó tekin stroksýni af skrokkum fyrir hitabaðið, líkt og áður, samkvæmt töflu 4. Ef þau reynast öll neikvæð m.t.t. salmonellu má slátra næst á hefðbundinn hátt (sjá framkvæmd 1.1.). Ef sýni reynist jákvætt mega skrokkar fara um hitabað við næstu slátrun sömuleiðis eða sbr. viðbrögð 1.1. Gera skal kröfu um eftirlit með hitabaði þ.e. sírita á hitastigi þess eða annað sambærilegt og mælingu á tíma skrokkanna í baðinu.

7.4. Framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 2

Tafla 14: Framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 2.

Flokkur 2	Lýsing
Framkvæmd 2.1	Stroksýni (5 skrokkar í hverju safnsýni) eru tekin af öllum skrokkum og þeir geymdir þar til niðurstöður úr hraðprófi liggja fyrir.
Framkvæmd 2.2	Líffæri og hausar eru hæf til manneldis eftir hitameðhöndlun. Sláturleyfishafi skal upplýsa kaupanda um að um áhættuhráefni er að ræða m.t.t. salmonellu.
Viðbrögð 2.1	Ef stroksýni er jákvætt eru viðkomandi skrokkar stimplaðir með heilbrigðisstimpli og auðkenndir til hitameðhöndlunar. Ef stroksýni er neikvætt af skrokkum geta þeir farið á markað án skilyrða.
Viðbrögð 2.2	Ef stroksýni reynist jákvætt skal það sett í ræktun og sermisgreiningu (1 sýni).
Heimild 2.1	Óski sláturleyfishafi eftir því, geta héraðs- eða eftirlitsdýralæknar heimilað að skrokkar fari í þar til gert hitabað. Ef svo er gert eru hvorki tekin stroksýni af skrokkum fyrir né eftir hitabaðið en þess í stað gerð krafa um eftirlit með hitabaðinu þ.e. sírita á hitastigi þess eða annað sambærilegt og mælingu á tíma skrokkanna í baðinu.

7.5. Skilyrði, framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 3

Tafla 15: Skilyrði, framkvæmdir, viðbrögð og heimild í flokki 3.

Flokkur 3	Lýsing
Skilyrði 3.1	Við flutning á grísum í sláturhús frá búum í þessum flokki má ekki flytja aðra grísi frá öðrum búum í sama farartæki.
Skilyrði 3.2	Slátra skal svínunum frá búum í þessum flokki á sérstökum sláturdögum eða í lok hvers dags. Ekki má slátra svínunum frá öðrum búum samtímis né geyma í sláturhúsrétt önnur svín frá öðrum búum. Héraðs- eða eftirlitsdýralæknir skilgreinir eftir þörfum aðskilnað við slátrun eftir að-stæðum hverju sinni.
Framkvæmd 3.1	Stroksýni (5 skrokkar í hverju safnsýni) eru tekin af öllum skrokkum og þeir geymdir þar til niðurstöður liggja fyrir.
Framkvæmd 3.2	Líffæri og hausar eru hæf til mannelis eftir hitameðhöndlun. Sláturleyfishafi skal upplýsa kaupanda um að um áhættuhráefni er að ræða m.t.t. salmonellu.
Viðbrögð 3.1	Ef stroksýni er jákvætt eru viðkomandi skrokkar stimplaðir með heilbrigðisstimpli og auðkenndir til hitameðhöndlunar. Ef stroksýni er neikvætt af skrokkum geta þeir farið á markað án skilyrða.
Viðbrögð 3.2	Ef stroksýni reynist jákvætt skal það sett í ræktun og sermisgreiningu (1 sýni).
Heimild 3.1	Óski sláturleyfishafi eftir því geta héraðs- eða eftirlitsdýralæknar heimilað að skrokkar fari í þar til gert hitabað. Ef svo er gert eru hvorki tekin stroksýni af skrokkum fyrir né eftir hitabaðið en þess í stað gerð krafa um eftirlit með hitabaðinu þ.e. sírita á hitastigi þess eða annað sambærilegt og mælingu á tíma skrokkanna í baðinu.

7.6. Framkvæmdir, viðbrögð og heimild hjá aðilum/búum með 200/ári til slátrunar

Tafla 13: Framkvæmdir, viðbrögð og heimild hjá aðilum/búum með 200/ári til slátrunar.

200/ári	Lýsing
Framkvæmd 4.1	Stroksýni eru tekin samkvæmt töflu 5 og skrokkarnir geymdir þar til niðurstöður úr hraðprófi liggja fyrir.
Framkvæmd 4.2	Líffæri og hausar eru hæf til mannelis eftir hitameðhöndlun.
Viðbrögð 4.1	Ef stroksýni er jákvætt eru viðkomandi skrokkar stimplaðir með heilbrigðisstimpli og auðkenndir til hitameðhöndlunar. Ef stroksýni er neikvætt af skrokkum geta þeir farið á markað án skilyrða.
Viðbrögð 4.2	Ef stroksýni reynist jákvætt skal það sett í ræktun og sermisgreiningu (1 sýni).
Heimild 4.1	Óski sláturleyfishafi eftir því, geta héraðs- eða eftirlitsdýralæknar heimilað að skrokkar fari í þar til gert hitabað. Ef svo er gert eru hvorki tekin stroksýni af skrokkum fyrir né eftir hitabaðið en þess í stað gerð krafa um eftirlit með hitabaðinu þ.e. sírita á hitastigi þess eða annað sambærilegt og mælingu á tíma skrokkanna í baðinu.

7.7. Aukaafurðir til dýrafóðurs

Aukaafurðir frá svínunum mega fara sem hráefni í dýrafóður. Sláturleyfishafi skal upplýsa kaupanda um að um áhættuhráefni er að ræða m.t.t. salmonellu. Þá ber að fara eftir reglugerð nr. 108/2010 (EB/1774/2002) um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis.



8. Ítarefni

8.1. Forsaga

8.1.1. Eldra eftirlit – vöndulsýni

Stopult fram að 1. október 2006 eða áður en nýtt og breytt eftirlit með salmonellu í svínum var tekið í notkun hafði eftirlitið farið fram með vöndulsýnatökum í niðurföllum sláturhúsa þegar svínum var slátrað. Voru þar með vöndulsýnin vísirinn á hvort svínabú væri smitað af salmonellu. Ef *Salmonella* greindist ekki í vöndulsýni sem tekið var einu sinni í mánuði frá hverju búi, var það skilgreint laust við smit. Væri vöndulsýnið jákvætt m.t.t. salmonellu var farið á viðkomandi svínabú sem höfðu slátrað daginn sem sýnið reyndist jákvætt og saursafnsýni tekin á þeim í þeim tilgangi að finna jákvæða búið.

Ræktaðist *Salmonella* ekki í viðkomandi saursýnum greindist ekki það bú sem hugsanlega mengaði vöndulsýnið. Greindist hins vegar *Salmonella* í saursýnum frá einu eða fleiri búum voru stroksýni tekin af öllum skrokkum frá viðkomandi búi sem þá var skilgreint sem smitað eða jákvætt m.t.t. salmonellu. Fór stroksýnataka fram af öllum skrokkum frá viðkomandi búi þar til það hafði verið opinberlega lýst laust við salmonellu. Svo var gert ef *Salmonella* ræktast ekki í saursafnsýnum sem tekin voru tvisvar sinnum með 4 vikna millibili. Sýnataka þessi fór fram að beiðni viðkomandi svínabónda.

8.1.2. Forsaga kjötsafaprófsins

Árið 2002 hófust í tilraunaskyni sýnatökur úr vöðvum grísaskrokka í nokkrum sláturhúsum landsins. Í ljós kom að mótefni gegn salmonellu greindust í kjötsafa úr grísum frá nánast öllum svínabúum landsins, þó svo *Salmonella* hefði ekki greinst í vöndulsýnum eða saursýnum frá sömu búum. Þetta gat bent til þess að mun fleiri bú væru smituð af salmonellu en rannsóknir á vöndulsýnum höfðu leitt í ljós.

Töldu svínabændur það mjög óréttlátt hvernig svínabú voru skilgreind sem smituð í ljósi niðurstaðna úr kjötsafaprófinu, einkum sökum þess að þegar bú var skilgreint sem smitað hafði það í för með sér íþyngjandi aðgerðir sem voru kostnaðarsamar fyrir svínabændur. Var einnig bent á að bú gætu verið smituð samkvæmt kjötsafaprófi en ekki samkvæmt vöndul- eða saursýnatökum og mætti slátra svínum með hefðbundnum hætti frá slíkum búum sem stefnt gæti matvælaöryggi í hættu.

Af þessum ástæðum m.a. og að saursýnataka er ekki talin nægilega næm aðferð til þess að greina salmonellu var ákveðið að taka í notkun nýtt eftirlit með salmonellu í svínum hér á landi með kjötsafaprófi en það er aðferð sem Danir hafa þróað og notað til margra ára.

Sömuleiðis var einnig ákveðið að líta á alla svínarækt í landinu sem hugsanlegan áhættuþátt m.t.t. salmonellu en ekki einstök bú. Með kjötsafaprófinu er stöðugt fylgst með mótefnastöðu búanna allt árið um kring.

Þrátt fyrir nýtt og breytt eftirlit var ákveðið að vöndulsýnatakan skyldi fara samtímis fram og nýtt eftirlit væri tekið í notkun. Þetta var gert í rúmt ár en þá var vöndulsýnatökum formlega hætt eða frá og með haustinu 2007.

8.2. Tilgangur og markmið eftirlitsins ásamt lagastoð þess

Þegar nýtt eftirlit var tekið í notkun var um leið tilgangur og markmið þess skilgreindur.

8.2.1. Tilgangur eftirlitsins

- Að hafa samfellt samræmt eftirlit.
- Að eftirlitið sé réttlátt gagnvart eftirlitsþola.
- Að leggja grunn að eftirlitskerfi sem byggir á nútímalegum greiningaraðferðum og sem tryggir réttust viðbrögð eftirlitsaðila við smiti með salmonellu í svínunum.
- Að líta á alla svínarækt sem hugsanlegan áhættuþátt m.t.t. salmonellu en ekki einstök bú.

8.2.2. Markmið eftirlitsins

- Að fylgjast reglulega með breytingum á styrk mótefna gegn salmonellu með mælingum í kjötsafa úr grísaskrokkum.
- Að greina salmonellu á svínabúunum sem fyrst ef hún berst inn á þau með kjötsafamælingum og saursýnatökum.
- Að tryggja eftir því sem frekast er unnt að ekki fari á markað svínakjöt sem mengað er með salmonellu með:
 - fyrirbyggjandi aðgerðum á svínabúunum
 - settum skilyrðum í sláturhúsum
 - stroksýnatökum af svínaskrokkum eftir slátrun

Með breyttu eftirliti haustið 2006 er nú stöðugt fylgst með:

- nýsmiti og smitálági salmonellu á búunum með kjötsafaprófinu
- með sermisgerðum salmonellu og lyfjaónæmi þeirra sem hugsanlega smita búin með saursýnatökum og
- með yfirborðsmengun og krossmengun í sláturhúsum á svínaskrokkum með stroksýnatökum

Segja má að öll markmið eftirlitsins hafi náðst, ekki síst með síðustu breytingu á reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum, en sú breyting tók gildi 30. júní 2009 í reglugerð nr. 557/2009 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðis-eftirlit á svínabúum, þar sem fjallað er um innra eftirlit og varnir gegn salmonellu. Þessar reglugerðir eru nú fallnar úr gildi við hefur tekið reglugerð nr. 353/2011 um aðbúnað og heilbrigði svína.

Eftirlit með salmonellu í svínunum byggir fyrst og fremst á því að fylgjast með smitinu á svínabúunum með mælingum og koma eins og kostur er í veg fyrir að *Salmonella* berist á markað með svínakjöti. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir upprætingu hugsanlegs smits á svínabúunum heldur er stefnt að því í henni að halda því í lágmarki og eins og frekast er unnt undir mælanlegum mörkum. Á meðan svín eru fóðruð eins og þau hafa verið fóðruð frá því snemma á tíunda áratugnum, þ.e. með heimablönduðu fóðri úr ómeðhöndluðum hráefnum til fóðurgerðar, má búast við því að svínabú geti smitast af salmonellu.

8.2.3. Laga- og reglugerðastoð eftirlitsins

Í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum kemur fram í 13. gr. að Matvælastofnun geti fyrirskipað sérstaka heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu.

Í reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða kemur fram að ferskt kjöt skuli uppfylla kröfur sem fram komi í reglugerðinni, sbr. viðauka I við hana. Í viðauka I kemur m.a. fram í VIII. kafla

að kjötskoðunarlæknir skuli auk heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum framkvæma sérstakar rannsóknir vegna ákveðinna sjúkdóma samkvæmt fyrirmælum frá yfirdýralækni, sbr. 41. tl.

Í reglugerð nr. 40/1999 um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum kemur fram í viðauka, að Matvælastofnun skuli eftir þörfum sjá um skipulegar örverurannsóknir í sláturafurðum, sbr. 11.2. gr.

